

Gryfjur á Kolkuhólssvæði

Skúli Víkingsson

Greinargerð SV-82/01

Reykjavík 2. september 1982

Guðjón Samúelsson
VST

Gryfjur á Kolkuhólssvæði

Hér með fylgja gryfjulýsingar af þeim holum sem ég loggaði. Þessar lýsingar eru beint upp úr foldarkveri og eftir er að samræma þær innbyrðis. Staðsetningar þeirra eru ekki hér með, en ég var búinn að senda þér kort með þeim. Gryfjur á Kolkuhólssvæðinu eru frá og með JCB-6. Gryfjur á sjálfri skurðleiðinni eru, talið frá suðri: JCB-14, JCB-17, JCB-18, JCB-20, JCB-21 og JCB-22.

Í flestum holunum var leysingarruðningur. Hann er að mestu úr mól og sandi. Lagskipting er óglögg, en yfirleitt vottar fyrir fínefnisríkari lögum inn á milli grófari laga. Munurinn á þessu efni og jökulárseti er einkum sá að leysingarruðningurinn hefur ekki skolast neitt að ráði. Það veldur aftur því að steinar eru kantaðri og þ. a. l. standa holuveggir betur en í jökulárseti. Einnig virðist vera minna um fínan sand og meira um mélu en í jökulárseti.

Botnruðningur kom fram á yfirborði eða mjög nærri því í JCB-11, 12, 13, 20, 21 og 22, og undir leysingarruðningi eða jökulárseti í JCB-14, 15, 16 og 18 og vestan skurðleiðar í holum JCB-24, 25 og 26. Búast má við því að botnruðningur sé undir leysingarruðningi á skurðleiðinni á milli JCB-14 og 18 þótt hola JCB-17 hafi ekki náð niður í hann á 5,5 m dýpi.

Mér finnst eðlilegt að með tíð og tíma verði fengin kornadreifing allra sýnanna, en sem fyrst verði sýni af sjálfri skurðleiðinni prófuð, með það fyrir augum að nota leysingarruðning og jökulárset (sýni JCB-14, JCB-17 og JCB-18) í síu og stoðfyllingu, en botnruðning (sýni JCB-18-2, JCB-20, JCB-21 og JCB-22) í kjarna. Auk þessara sýna er JCB-11 tekið af botnruðningi, og JCB-15 og 16 af leysingarruðningi nálægt skurðleiðinni og sjálfsagt að taka þau með.

Skúli Víkingsson

REKJAVÍK 1982

GRYFJULÝSINGAR

- JCB-1: 0,4 m sendinn svörður. 0,4-0,5 m grátt sandlag með kornum úr öskulaginu H1104. 0,5-1,1 m mosatorf, lítið ummyndað. 1,1-1,15 m svart sandlag. 1,15-1,6 mosatorf. 1,6-2,1 gráleitur málublandaður sandur. 2,1-2,2 m grófari og öskukenndari sandur, meðalgrófur og fínn. 2,2-2,8 m blágrár, pakkaður, grófur og meðalgrófur sandur. 2,8-3,5 m blautur jökulruðningur, blágrár af mélu. 3,5 m kögglar úr jökulruðningi. Holu hætt, enda hrun orðið mikið. Ekkert sýni tekið.
- JCB-2: (Við lítinn mýralæk, 15 m austan við hæl S160A). 0-0,6 m sendið mosatorf. 0,5-0,6 m gulleitt öskulag (H1104), misþykkt og í linsum (0-12 cm þykkt). 0,6-1,9 m mosatorf. 1,9-2,1 m ljósgrátt öskulag (H3?) blandað einhverju öðru. 2,1-2,4 m mosatorf. 2,4-4,5 m blautur jökulruðningur frekar fínefnissnauður ofan til en vel grár af mélu og flýtur til í haugnum. Dýpkun hætt, enda veldur sullið hruni. Vatn rennur aðallega frá yfirborði og dálítið frá mörkum torfs og jökulruðnings. Ekki tekið sýni.
- JCB-3: 0-0,8 mold með jökulruðningslinsum. 0,8-1,3 m hreinn jökulruðningur. 1,3 m jökulruðningur farinn að harðna. 1,5-1,8 m klaki. 1,8-2,8 m pakkaður, harður jökulruðningur, sem vinnst þó hægt. 2,8-3,8 m harður og þurr jökulruðningur. Ekki tekið sýni.
- JCB-4: 0-0,7 m mold og rétt aðeins skolað neðst við jökulruðninginn (um 10 cm). H1104 og H3 sjást en mjög truflað. 0,7-3,6 m jökulruðningur. 1-1,4 m klaki í fínefnisríkum botnruðningi. 2,2 m jökulruðningurinn orðinn frekar harður og kögglóttur. 3-3,6 m grýttara og grefst með látum. Ekki tekið sýni.
- JCB-5: 0-0,6/0,9 m mold og moldarblandaður jökulruðningur. Jökulruðningurinn nær þó alveg upp á yfirborð sums staðar í fellingum. 0,6/0,9-2 m Jökulruðningur. Springur upp í smáar flögur eða mola, 1-3 cm á hvern veg. 2-3,3 m meira viðnám. Dálítið af steinum. Einn allt að 0,3 m í langás. 3,3-3,7 m grýttari jökulruðningur. Allir steinar jökulruðningssteinar enn sem komið er. 3,7-3,9 m fer aftur að mýkjast. Jökulruðningurinn molnar mjög vel nema þessir smáu (um 1-5 cm) kögglar, sem molna milli fingra við gott átak. Ekki tekið sýni.
- JCB-6: Einn stór steinn (1x1, m) við yfirborð. 0-1 m mold og moldarblandaður jökulruðningur. 1-1,6 m harður og grýttur jökulruðningur. 1, m jökulberg, sem merst undan tönnunum og grafan vinnur ekkert á. Basaltnolar heflast jafnt og millimassi í tanna örnum. Ekki tekið sýni.
- JCB-7: (Grafin við hæl H45A) 0-0,2 m mold. 0,2-0,9 m grýttur og frekar fínefnissnauður jökulruðningur. 0,9-1,6 m fínmöl og grófsandur. Skálögum hallar frá

- hólnum í átt að Áfangafellshala. 1,6-1,8 m mól og steinar. 1,8-2,6 m mikið af stórum steinum (0,4-0,5 m í a-ás og 0,3-0,4 m í b-ás). Steinn 1,2x0,8x0,5 m af 2 m dýpi. Steinn 0,9x0,8x0,5 m af 2,6 m dýpi. Mjög vel skolað og grýtt efni. 2,6-4 m leysingarruðningur. Fínefnisríkara og steinar kantaðri en ofar og inn á milli eru jökulruðningsköggjar. 4-4,3 m virðist vera aðeins fíngerðara. Ekki tekið sýni vegna þess hve efnið er gróft og þ. a. l. illmögulegt að fá rétta mynd af því með sýni.
- JCB-8: (Við farveg Kolkukvíslar). 0-1,0 m fúíð og sendið mosatorf. Neðst í því er H1104. 1-1,4 m svartur sandur. 1,4-1,7 m veðrunarmolar úr klöppinni, sandur o. þ. h. í botni (1,7 m) er blöðrótt basaltklöpp. Ekki tekið sýni.
- JCB-9: (Við hæl H39A). Hart jökulberg, sem rýkur undan á 0,3-1 m dýpi. Dýpkar til vesturs. Ekki tekið sýni.
- JCB-10: (Í 1,4 m djúpri ýtugryfju 20 m norðan við BG-4. Hreinsað snið í vegg gryfjunnar og grafið dýpra). 0-0,3 m móluborið fínsandslag. 0,3-3,1 m jökulárset, skálöguð mól og sandur, halli til norðausturs. 3,1-3,7 m grýttur jökulruðningur, að mestu úr steinum flestum um 0,2-0,3 m í þvermál. Yfirborði jökulruðningsins hallar til norðausturs. Sýni tekið úr öllu sniðinu.
- JCB-11: 0-0,3/0,4 mold. 0,4-1,5 m fínefnissnauður jökulruðningur. 1,5-3,1 m jökulruðningur sem brotnar upp í smáflögur. 2-2,5 m mjög harður, frosinn jökulruðningur. Sýni.
- JCB-12: 0,5 m mold og moldarblandaður jökulruðningur. 0,5-1,4 m skolað gróft efni. 1,4-3,1 m jökulruðningur, jafn niður úr. Vinnst hægt en örugglega. Ekki tekið sýni enda á þetta að vera mjög svipað síðustu holu.
- JCB-13: 0-1 m mold. 1-1,6 m leysingarruðningur eða skrið úr ruðningi ofan á ármalarlagi. 1,6-2,5 m jökulruðningur. Ekki tekið sýni.

ATHUGASEMD

Ef ekki er annað tekið fram þá eru sýni tekin með því móti að rispa niður vegg holunnar og síðan taka upp úr henni.

- JCB-14: (Í stóru ýtugryfjunni á skurðleiðinni. Hreinsað snið í vegg gryfjunnar og grafið dýpra. Hæll settur á brún neðri ýtugryfju, þ. e. við botn moldarhreinsunar). Dýpi 5,1 m (frá hæl, þar af 3,3 m ýtugryfja). 0-4,7 m leysingarruðningur 4,7-5,1 m jökulruðningur. Rýkur undan tönnum. Vatn byrjar að seytla inn við botn.

- JCB-15: (Á mel) 0-0,3 m mold. 0,3-3,6 m illa skolað jökulárset. Sumt af þessu myndi teljast leysingarruðningur. Méla á sumum steinum og úr sumum lögum koma kögglar eins og úr jökulruðningi. Stærsti steinn 0,5x0,4x0,3 m. Efnið er mjög grýtt. 3,6-4 m jökulruðningur. Sýni tekið úr efra laginu.
- JCB-16: (Norðan við JCB-15). 0-3,6 m leysingarruðningur eða illa skolað jökulárset, mjög gróft og fínefni á sumum steinum en fínefni er lítið að tiltölu. 3,6-4,2 m harður jökulruðningur. Efnið er lítillega lagskipt en dreifing jöfn. Lögum hallar í átt að Þrístiklu. Um miðbik holunnar er sendið og méluborið lag, þess utan er efnið grýtt og frekar illa skolað af jökulárseti að vera. Lítið um steina yfir 0,2 m í þvermál.
- JCB-17: (Við hæl SÞ10A, í móa). 0-0,8 m mold. 0,8-5,5 m leysingarruðningur. Eins og jökulárset í óljósum, þunnum lögum til skiptis við leysingarruðning, en melumagníð ætti að vera lítið. Einstaka steinn nær 0,3 m í langás, en flestir innan við 0,2 m og allt þar fyrir neðan.
- JCB-18: (Í ýtugryfju á skurðleið. Hreinsað snið og grafið dýpra). 0-0,7 m mold og moldarblandað efni. 0,7-4,3 m jökulárset. Mun sendnara og betur skolað og jafnframt er lagskiptingin með gleggri blæ en í JCB-14-17. 4,3-5,9 m jökulruðningur. Sýni JCB-18 er tekið úr jökulársetinu, en JCB-18-2 úr jökulruðningnum.
- JCB-19: 0-0,4 mold og moldarblandað efni. 0,4-3,4 m leysingarruðningur eða jökulárset. Stærsti steinn 0,5x0,3x0,2 m, en annars eru stærstu steinar sem sjást á víð og dreif um 0,3 m í langás. 3,4-4,5 m harður jökulruðningur. Sýni tekið úr efra laginu.
- JCB-20: 0-0,8 m mold (mói). 0,8-2,1 m leysingarruðningur. 2,1-3,7 m botnruðningur. Þar fyrir neðan vinnur grafan ekki á efninu. Sýni tekið úr botnruðningnum.
- JCB-21: (Milli hæla SÞ03A og B). 0-0,7 m mold (mói). 0,7-4,0 botnruðningur.
- JCB-22: (Í flagi í farvegi milli hæla SÞ01A og B) 0-0,4 m mold. 0,4-2,5 m botnruðningur. Hætt vegna hörku. Ruðningurinn er flögóttari hér en áður.

ATHUGASEMD

82-30: Stakk aðeins með gröfunni þarna í brúnina og undir moldinni (um 0,7 m) er jökulárset. Það er meira af sandi í þessu en í flestum holunum á skurðleiðinni.

- JCB-23: (Á mel við gamlar reiðgötur). Dýpi 3,5 m. Neðsti

hluti holunnar er fínefnisríkari og harðari en sá efri.

JCB-24: 0-0,2 m mold. 0,2-1,5 m leysingarruðningur. Þar fyrir neðan er harður jökulruðningur. Ekki tekið sýni.

JCB-25: 0-0,2 m mold. 0,2-1,7 m grófur leysingarruðningur með votti af lagskiptingu. 1,7-2,6 m harður fínefnisríkari jökulruðningur. Ekkert sýni.

JCB-26: 0-0,2 m mold. 0,2-5,2 m leysingarruðningur. Efnið mjög jafnt niðurúr. Lítillega lagskipt. Hnullungamöl, möl og sandur. Ekki nema einstaka steinn sem nær 0,2 m. Eitthvað málublandað en ekki mikið.

JCB-27: 0-0,2 m moldarblandað. 0,2-5,6 m leysingarruðningur. Lítillega lagskipt. Lagskipting lárétt. Stærsti steinn 0,35 m í langás.

JCB-28: Dýpi 7,2 m. 2,0-2,3 m fínsandslag. Að öðru leyti virðist efnið vera mjög jafnt niðurúr. Heldur betur skolað í botni en ofar. Lagskipting sæmilega glögg. Eiginleg víxllögun þó ekki sjánleg nema alveg efst, en annars er hér hin óglögga lagskipting, sem einkennir leysingarruðninginn. Einn stakur steinn 0,5x0,3x0,3 m. Þar fyrir utan einstaka steinn 0,25-0,3 m í þvermál. Ávölnun er lítil eins og annars staðar í þessu efni. Dálítið ber á fínefniskleprum á steinum, annars fínefnissnautt.

JCB-29: Miklu grófara efni en víðast hérna. Vel skolað. Lagskipting greinileg a. m. k. á kafla (á um 1 m dýpi er víxllagaður grófsandur). Steinar eru njörvaðir saman. Stærstu steinar um 0,5 m í langás en mjög mikið er um 0,3x0,4 m steina. Ekki tekið sýni.

JCB-30: 6,6 m leysingarruðningur. Stærstu steinar: 0,6x0,5, 0,4x0,4x0,3, 0,45x4x0,3, 0,45x0,35x0,3 m. Þeir eru bæði úr kantnúnu basalti og kantslípuðu til ávöluðu jökulbergi. Neðsti metrin er áberandi sendnari en ofar. Efst er efnið hvað grýttast. Engin áberandi lagskipting að öðru leyti.

JCB-31: 0-2,5 m lagskipt jökulárset. 2,5-7 m leysingarruðningur. Stærsti steinn sem séður verður í fljótu bragði 0,5x0,45x0,3 m. Nokkrir steinar svona stórir en mjög lítil hluti af efninu. 7-7,5 m jökulárset, möl og hreinskolaður sandur. Sýnataka er vandkvæðum háð, því að jökulársetið efst í holunni hrynur auðveldlega, en leysingarruðninginn stendur vel og hrynur hvergi.

JCB-32: (Grafin við SP07A á skurðleiðinni frá lokuvirki og inn í lónið). 0-0,8 m mó mold frekar feit. 0,8-1,6 m meðalgrófur sandur, dálítið málublandaður með grjóti og mól. 1,6-1,8 m mól og sandur með steinum. Vatn byrjar að renna inn í holuna. 1,8-2,8 m farið að ganga erfiðlega og upp koma nokkrir stórir hnullungar 0,3-0,4 m í þvermál. Flestir nokkuð vel núrir og allir eitthvað.

Þegar hætt er að grafa stendur vatn í holunni í 2,1 m en kemur inn í 1,6 m. Ekki tekið sýni.

JCB-33: Leysingarruðningur. Heldur fínefnisríkari en annars staðar, en ekkert líkur botnruðningi. Líkist leysingarruðningi annars staðar hér en heldur meira af fínefnisríkum lögum. Ekki tekið sýni.

JCB-34: (Grafan bilaði áður en holunni var lokið). 0-0,8 m mold, 0,8->3,5 m botnruðningur. Efnið brotnar upp í litla mola (1-5 cm í þvermál). Engir stórir kögglar. Sýnatöku frestað.

JCB-35: 0-1,3 m moldarblandað. Á 1,7 m dýpi er farið að rjúka undan tönnum í jökulbergi. Ekki tekið sýni.